

**Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**

**Eydís Franzdóttir**  
óbó

**Kristín Mjöll Jakobsdóttir**  
fagott

**Unnur Fadila Vilhelmsdóttir**  
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 27. júlí 1999 kl. 20:30

**Eydís Franzdóttir** lauk burtfararprófi í óbóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1987 og stundaði framhaldsnám í London. Hún lék um skeið með samevrópsku hljómsveitinni Acadya, en var svo ráðin 1. óbóleikari tékknesku útvarpshljómsveitarinnar í Pilzen í apríl 1992. Eydís hefur komið fram sem einleikari, með kammerhópum og með hljómsveitum víða um Evrópu og á Íslandi, þar sem hún starfar nú og leikur meðal annars með Caput-hópnum.

**Kristín Mjöll Jakobsdóttir** lærði fagottleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði meðal annars framhaldsnám við Yale School of Music í Bandaríkjunum og við Sweelinck Tónlistarháskólann í Amsterdam. Árið 1991 var Kristín ráðin til Fílharmóniuhljómsveitarinnar í Hong Kong og var búsett þar eystra þangað til í apríl 1998 er hún flutti aftur til Íslands. Hún hefur starfað sem lausráðinn fagottleikari með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum auk þess að stunda kennslu.

**Unnur Fadila Vilhelmsdóttir** nam frönsku við Sorbonne háskóla í París og lauk BA prófi í frönsku og bókmenntum frá Háskóla Íslands 1986. Hún stundaði píanónám í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Halldóri Haraldssyni og lauk einleikaraprófi árið 1991. Hún var í framhaldsnámi í Cincinnati í Bandaríkjunum og lauk þaðan doktorsprófi í píanóleik árið 1997. Unnur starfar nú sem píanóleikari í Reykjavík og kennir við Tónlistarskóla Kópavogs.

**Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson** tónskáld, stundaði nám í gítarleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann stundaði framhaldsnám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi undir leiðsögn hollenska tónskáldsins Joep Straesser. Hróðmar starfar nú sem tónskáld og kennari í Reykjavík. Hann hefur samið kammerhljómsveitar- og kórtónlist, ásamt tónlist fyrir kvíkmyndir, sjónvarp og leikhús.

### *Efnisskrá*

Madeleine Dring  
1923-1977

Tríó fyrir óbó, fagott og píanó

- I Drammatico - Alla Baroque - Allegro moderato e deciso
- II Dialogues - Andante Sostenuto
- III Allegro con brio

Hróðmar I. Sigurbjörnsson  
f. 1958

Tríó fyrir óbó, fagott og píanó  
*Frumflutningur*

- I Andante sostenuto
- II Ritmico
- III Largo
- IV Presto

Jean Francaix  
1912-1997

Tríó fyrir óbó, fagott og píanó

- I Adagio - Allegro moderato
- II Scherzo - Risoluto
- III Andante
- IV Finale